

Laugardaginn 27. júní 1953.

Nr. 93/1953. **Einar Bragi Sigurðsson** (Theódór B. Líndal)
 gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).
 Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. þ. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 28. júní 1953. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi dvaldizt í Svíþjóð frá því fyrra hluta árs 1950 og til þess er hann kom aftur hingað til lands í apríl 1953. Eftir gögnum málsins stundaði hann eingöngu nám í Svíþjóð með styrk frá Menntamálaráði, en samkvæmt umsókn um styrk til Menntamálaráðs, sem lagðar hafa verið fram í Hæstarétti, taldi hann lögheimili sitt á þessum árum í Vestmannaeyjum, þar sem hann átti lögheimili samkvæmt manntali, áður en hann fór til Svíþjóðar. Dvöl áfrýjanda í Svíþjóð var samkvæmt framansögðu ekki þannig háttað, að hún sliti heimilisfesti hans hér á landi, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Og þar sem áfrýjandi átti lögheimili í Vestmannaeyjum, er hann sigldi til náms, og hefur talið þar lögheimili sitt síðar, eins og áður segir, þá þykir bera að taka kröfu hans til greina.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð :

Stefnda, bæjarstjórn Vestmannaeyja, ber að taka nafn áfrýjanda, Einars Braga Sigurðssonar, á kjörskrá þá, er gildir við alþingiskosningar 28. júní 1953.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyjakaupstaðar 22. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 80 frá 7. september 1942 af Einari Braga Sigurðssyni með kærú, dags. 12. júní s. l., sem barst í hendur dómarans hinn 15. júní s. l., gegn bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar og gerir sækjandi þær réttarkröfur, að synjun bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar um að skrá nafn sækjanda á kjörskrá hér í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar hinn 28. júní n. k. verði með dómi hnekkt og honum dæmdur réttur til að láta skrá nafn sitt á kjörskrá og kjósa hér í Vestmannaeyjum við nefndar kosningar.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar var mætt í málinu og þess krafizt, að nafn sækjanda væri ekki tekið á kjörskrá í Vestmannaeyjum, nema dómurinn teldi sækjanda eiga rétt á því með vísan til þeirra upplýsinga, er fyrir liggja í málinu..

Lögðu aðiljar málið síðan í dóm með skírskotun til framlagðra gagna og bógunar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sækjandi, Einar Bragi Sigurðsson, hefur frá því í janúarmánuði 1950 dvalizt í Svíþjóð með fjölskyldu sinni, þar sem hann hefur samkvæmt framlögðum vottorðum verið við Háskóla í Stokkhólmi allt til 30. janúar 1953. Áður en sækjandi fór utan, átti hann lögheimili að Fífilgötu 2, hér í bænum. Samkvæmt vottorði manntalsskrifstofunnar í Vestmannaeyjum kemur sækjandi, sem fæddur er 7. apríl 1921, síðast fram á manntali hér 1. nóvember 1949, en flytur burt héðan á árinu 1950. Samkvæmt vottorði bæjarsjóðs Vestmannaeyja hefur verið lagt útsvar á sækjanda hér árið 1950 og það greitt að hluta, en síðar hefur ekki verið lagt á hann útsvar hér.

Samkvæmt vottorði skattstjórans í Vestmannaeyjum hefur sækjandi talið fram hér árið 1950, miðað við tekjur 1949, en árið 1951 telur hann ekki fram og er þá tekinn á skattleysingjaskrá. Hins vegar er hann ekki á skattskrá árið 1952 eða 1953.

Sækjandi telur, að hann hafi átt lögheimili hér í bæ að Fífilgötu 2, áður en hann fór utan, og þar sem hann hafi hvergi skráð sig á manntal annarsstaðar, meðan hann dvaldi erlendis, eigi hann hér lögheimili enn, en sér hafi af vangá láðst að biðja einhvern að skrá sig og heimilisfólk sitt á manntal hér, meðan hann var í burtu.

Sótti hann því um, að nafn hans væri skráð á kjörskrá hér, en bæjarstjórn synjaði á fundi sínum 8. júní s. l. og kærir sækjandi nú þá synjun.

Þá er það og upplýst, að sækjandi hefur sent manntalsskrifstofunni hér beiðni um, að hann verði skráður hér á manntal, en verjandi hefur bent á, að sú tilkynning um aðseturskipti hafi ekki verið formleg og að ekkert bendi til þess, að sækjandi eigi hér raunverulegt heimili og enn fremur liggi ekki fyrir samþykki neins húsráðanda hér um, að sækjandi eigi hér lögheimili eða hafi átt, meðan hann dvaldist erlendis.

Með hliðsjón af því, er nú hefur verið rakið, verður dómurinn að líta svo á, að sækjandi hafi, eftir að hann fór héðan á árinu 1950, ekki sýnt vilja á því að halda áfram búsetu sinni hér í Vestmannaeyjum og hafi það því verið eðlilegt, að hann félli út af manntali hér það ár og búseta hans hér þá rofnað. Með því að sækjandi hefur samkvæmt framan-sögðu verið búsettur í Svíþjóð frá því í janúarmánuði 1950, telur dómurinn, að hann fullnægi ekki skilyrðum 3. tl. 1. gr. laga nr. 80 frá 7. september 1942 og eigi hann því ekki rétt á að nafn hans verði skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningar þær, er fram fara 28. júní n. k.

Dómsorð:

Nafn sækjanda, Einars Braga Sigurðssonar, skal ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 1953.

Laugardaginn 27. júní 1953.

Nr. 94/1953. **Kristín Jónsdóttir** (Theódór B. Línal)

gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. þ. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 28. júní 1953. Svo krefst hann